

14. gr.

Vilji leyfishafi öðlast undanþágu samkvæmt 13. gr. skal hann sækja um það skriflega til Bílstjórafélags Akureyrar.

Umsókninni skal fylgja vottorð frá bifreiðastöð leyfishafa um að hún samþykki þann ökumann sem leyfishafi vill að aki bifreiðinni.

Bílstjórafélaginu er þá heimilt að veita undanþágu og skal hún vera skrifleg, tímabundin og tekið fram hvað í henni felst. Er viðkomandi bifreiðastjóra skylt að bera slíka undanþágu á sér er hann er við akstur og sýna trúnaðarmönnum stéttarfélagsins ef þeir æskja þess.

Bílstjórafélagið skal halda skrá yfir veittar undanþágur samkvæmt framansögðu.

15. gr.

Atvinnuleyfin gilda þar til leyfishafar verða 75 ára og skulu þeir leggja leyfi sín inn fyrir 1. júlí næsta ár. Gildistaka hvað varðar aldursmörk frestast um 3 ár frá útgáfu reglugerðar þessarar.

16. gr.

Á hverri bifreiðastöð skal vera skrá yfir þær bifreiðar sem þar hafa afgreiðslu. Skal skrá þessi fest upp þar sem bifreiðastjórar eiga greiðan aðgang að og tilgreint í henni skrásetningarnúmer bifreiðar, nafn og heimilisfang bifreiðastjóra og eiganda.

17. gr.

Úthlutunarmönnum er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundarsakir ef leyfishafi brýtur ákvæði reglugerðar þessarar eða fyrir fullt og allt ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða. Slíkum úrskurðum má áfrýja til samgönguráðuneytisins.

18. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36, 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 160, 29. nóvember 1956, og reglugerðir nr. 233, 31. maí 1976 og nr. 285, 12. júní 1984, um breytingar á henni.

Samgönguráðuneytið, 31. maí 1988.

Matthías Á. Mathiesen.

Halldór S. Kristjánsson.

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp
Vatnsleysustrandarhrepps nr. 139/1988.**

1. gr.

2. másl. 1. mgr. 8. gr. falli niður, en hann er svohljóðandi:

„Milli umræðna í hreppsnefnd skal halda almennan borgarafund þar sem fjárhagsáætlun er kynnt og rædd.“

2. gr.

1. mgr. 12. gr. orðist svo:

„Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði, annan eða þriðja þriðjudag hvers mánaðar, skv. ákvörðun hreppsnefndar.“

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps hefur gert samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. september næstkomandi.

Félagsmálaráðuneytið, 28. júní 1988.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Pórhildur Líndal.

Nr. 334

REIKNINGUR

Lífeyrissjóðs bænda 1987.

Efnahagsreikningur 31. desember 1987.

Veltufjármunir.	1987 kr.
Sjóður og bankainnstæður:	
Bankainnstæður	14 687 785,64
Skammtímakröfur:	
Ríkissjóður Íslands	69 703 673,00
Ríkissjóður, bráðabirgðareikningur v/mótframlags	28 378 752,00
Stofnlánadeild landbúnaðarins	1 471 580,00
Iðgjaldakröfur, áætlun	61 308 802,28
Næsta árs afborganir verðtr. skuldabréfa	208 508 704,00
Næsta árs afborganir óverðtr. skuldabréfa	782 761,00
	<hr/>
Skammtímakröfur	370 154 272,28
Veltufjármunir	384 842 057,92
Skammtímaskuldir.	
Umsjónarnefnd eftirlauna	3 632 179,80
Aðrar kuldir	80 197,00
	<hr/>
Skammtímaskuldir	3 712 376,80
Hreint veltufé	381 129 681,12
Fastafjármunir.	
Langtímakröfur:	
Skuldabréf, verðtrygð	1 860 949 762,18
Skuldabréf, óverðtrygð	4 529 166,20
Spariskírteini ríkissjóðs, verðtrygð	37 981 790,00
	<hr/>
Langtímakröfur	1 903 460 718,38
Næsta árs afborganir	209 291 465,00
	<hr/>
Fastafjármunir	1 694 169 253,38